

Formannafundur Félags hrossabænda

Haldinn í Bændahöllinni 4. apríl 2008 k. 11.

Mættir voru: Sveinn Steinarsson, Magnús Jósefsson, Jósef Valgarð Þorvaldsson, Baldvin Kr. Baldvinsson, Birna Hauksdóttir, Kristinn Guðnason, Sigbjörn Björnsson, Helga Thoroddsen, Bertha Kvaran, Ólafur Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir, sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Ingimar Ingimarsson og Sigurður Jökulsson.

Kristinn Guðnason, formaður FHB, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Sagði þá Guðlaug Antonsson, hrossaræktarráðunaut BÍ, vera nýkomna úr hringferð sinni um landið þar sem starfsemi FHB hefði m.a. verið kynnt og því yrði ekki fjallað ítarlega um þau mál.

Hulda greindi frá nýjum verkefnum í kynningarmálum, m.a. útgáfu nýs lítils kynningarbæklinga og endurprentun á stóra bæklingnum á ensku. Hún hvatti félagsmenn til að nýta sér kynningarefni FHB, en það stendur öllum endurgjaldslaust til boða. Hún greindi frá fleiri málum, s.s. kynningu á FHB á hestabraut Fjölbrautaskóla Suðurlands ofl.

Kristinn rakti því næst breytingar á úthlutun fjármuna frá ríkinu til greinarinnar. Markaðssjóður hefur verið lagður niður og þróunarsjóðsnefnd skipuð nýju fólki.

Hulda sagði frá vinnu við undirbúning Hestatorgsins á LM í sumar. Sömu aðilar munu koma að verkefninu, auk þess sem Lbhí mun bætast í hópinn.

Í framhaldinu var fjallað um Landsmótið og þá miklu dagskrá sem þar fer fram. Var m.a. nefnt að lágmark á kynbótahrossum hafa verið hækkuð jafnt og þétt í þeim tilgangi að halda í við fjölda kynbótahrossa á mótinu, en ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á fjölda þáttökuhrossa í gæðingakeppninni. Voru menn sammála um að dagskrá mótanna væri orðinn gríðarleg og endurskoða yrði fyrirkomulag mótahaldsins.

Því næst ræddi Kristinn um einstaklingsmerkingar og þá stefnu að nú yrðu frostmerkingar ekki teknar gildar sem einstaklingsmerkingar, t.d. við aflestur í sláturhúsi. Örmerki munu teljast gild einstaklingsmerking og réttæst í því tilliti, en að sjálfsögðu er heimilt að frostmerkja hross líka til frekari auðkenningar.

Hulda sagði frá fyrirhuguðu námskeiði fyrir dýralækna og opna fræðslufundi um tennur hrossa og særindi í munn. Félag hrossabænda mun koma að þessu verkefni með lítillegum fjárstuðningi og hvetur sína félagsmenn til að sækja fundina og kynna sér það sem þar fer fram.

Matarhlé.

Kristinn ræddi um lækun vsk á lífhrossum. Sagði stjórn FHB halda áfram að vinna í því máli að fá vsk lækkaðan niður í 7%. Í framhaldi af þeirri umræðu var eftirfarandi ályktun samin og samþykkt:

Formannafundur Félags hrossabænda, haldinn í Bændahöllinni 4. apríl 2008, ályktar að mikilvægt sé að lækka virðisaukaskatt á lífhrossasölu innanlands í 7%.

Greinargerð:

Ljóst er að mikill meirihluti kaupenda hrossa innanlands er frístundafólk sem ekki stundar vsk rekstur. Mörgu af því fólki vex í augum að greiða 24,5% vsk af hrossum sem oft leiðir af sér þrýsting á bændur og söluaðila varðandi skráð söluverð hrossins. Stjórn Félags hrossabænda og formenn allra aðildarfélaga þess telja að lækkun vsk á lífhrossasölu myndi auka sýnileika greinarinnar verulega og færa bókfært söluverð hrossa til raunveruleikans. Það yrði búgreininni til mikilla hagsbóta og myndi án efa skila meiri verðmætum til ríkisins þegar til lengri tíma er litið.

Skýrslur deilda:

Jósef Valgarð Þorvaldsson, HrAust., rakti helstu verkefni síns félags, en HrAust var aðili að fjórðungsmóti á Austurlandi sl. sumar sem þótti takast vel. Hann ræddi einnig mismunandi túlkanir á því hvort keppnissvæði og sýningahús bera vsk og velti því upp hvar félög stæðu gagnvart uppbyggingu og rekstri slíkra mannvirkja.

Ræddi einnig tilnefningar til ræktunarbús ársins og viðraði ýmsar hugmyndir þar um, t.d. hvort ekki væri rétt að líta til keppnishrossa í því samhengi líka.

Sagði sjö stóðhesta í boði hjá HrAust á komandi sumri. Fjallaði líka um DNA greiningar og nauðsyn þess að ná sýnum úr eldri hrossum og hestum sem hafa verið geltir, en eiga afkvæmi frá fyrri tíð.

Birna Hauksdóttir frá FHB á Vesturlandi sagði starfið hafa verið fremur rólegt á sínu svæði. Beðið væri eftir reiðhöll í Borgarnesi, en þar eru komnir sökklar. Hún sagði góða stöðu í sláturmálum og vel gengi að koma hrossum í slátrun. Verð hefur verið á bilinu 85-87 kr. á kg., mismunandi á milli þeirra þriggja húsa sem þeir senda til. Birna sagði ekkert stóðhestahald vera á vegum Vesturlandsdeildarinnar.

Sveinn Steinarsson frá HSS sagði samtökin koma að hefðbundnu sýningahaldi í ár, en þeir hafa staðið fyrir folaldasýningu, ungfolasýningu og ræktunarsýningu. Töluverð vinna fór í að klára Gunnarsholtsverkefnið og losa sig út úr því. Eignir hafa nú verið seldar og á félagið ágætan sjóð sem nýtast mun í framtíðarstarfinu. Ný stjórn mun móta starfið, en miklar breytingar hafa orðið á starfsemi samtakanna undanfarin ár. HSS er með samstarfssamning við LbhÍ til fimm ára og hafa verið haldin ýmis námskeið í samstarfi við þá, t.d. tvö námskeið í byggingadómum sem hafa verið fullsetin og er frekara námskeiðshald á döfinni. HSS á nokkra hluti í Galsa frá Sauðárkróki, en um annað stóðhestahald er ekki að ræða.

Þegar þarna var komið kom **Eiríkur Blöndal**, framkvæmdastjóri BÍ, til fundar og rætt var um samstarf BÍ og FHB innan hrossaræktarinnar. Aðild að LM, FEIF ofl. því tengt.

Baldvin Kr. Baldvinsson frá Hrossar.s. Ey-Þing. sagði starfsemi sinna samtaka hafa verið hefðbunda, en Eyfirðingum og Þingeyingum var boðin þátttaka í FM á Austurlandi sem hann sagði hafa verið mjög ánægjulegt enda samstarfið gott og vonandi yrði þar framhald á. Samtökin eiga hluti í nokkrum stóðhestum og eru þeir fullnýttir. Baldvin sagðist bjartsýnn á framtíð svæðisins, en miklar vonir eru bundnar við nýja reiðhöll á Akureyri t.d.. Sagði nauðsynlegt fyrir hestamenn að fá stjórnsýsluna í lið með sér og reka þyrfti reiðhús á sama hátt og önnur íþróttahús sem sveitarfélögin koma að.

Þeir velja ræktunarbú ársins á svæðinu, en hafa það sem reglu að sama búið geti ekki unnið tvö ár í röð.

Magnús Jósefsson frá Samt. hrossabænda í A-Hún. sagði starfsemi á sínu svæði með hefðbundnu sniði, en þó hefði venjubundin folaldasýning fallið niður. Stóðhestahald er minnkandi enda nóg af leiguhestum í boði og kaup á stóðhestum liðin tíð. Samtökin eiga reiðhöllina á Blönduósi að stórum hluta og er búið að taka hana heilmikið í gegn undanfarið. Þeir hafa haldið eina reiðhallarsýningu á ári sem byggst hefur upp á framlagi heimamanna og tekist vel. Þeir tilnefna einnig ræktunarbú ársins á sínu svæði. Magnús velti einnig upp umræðu um rekstargrundvöll reiðhalla og hvort ekki mætti leggja meiri áherslu á ódýrari hús til tamninga og vinnu, óþarfi væri að öll hús væru sýningahús. Nefndi sem dæma ágæta reiðskemmu á Þingeyrum sem nýst hefur gríðarlega vel.

Knapamerki

Að umfjöllun um starfsemi deilda lokinni afhenti formaður Helgu Thoroddsen smá þakklætisvott frá félaginu í tilefni þess að út eru komin öll fimm hefti knapamerkjabókanna. Um tímamótaverk er að ræða og hefur Helga skrifað texta og ritstýrt öllum bókunum ásamt því að leiða verkefnið. Helga þakkaði fyrir sig og sagði verkefnið hafa verið viðamikil og því væri langt í frá lokið. Eftir er mikil vinna við gerð prófa, hugsanlega þýðingu bókanna á önnur tungumál, endurmenntun og samhfæingu kennara og prófdómara og annað er lýtur að þróun knapamerkjakerfisins.

Umræður um kynbótadóma fóru því næst fram. Kristinn sagði það bjargfasta trú sína að ekki væri rétt að hafa hálseinkunn opna þar til hross eru sýnd í reið. Sagðist sannfærður um að þetta væri ekki leiðin til að finna út hvaða háls hentar best á íslenskan hest. Það skekki myndina að taka einn byggingarþátt út, þá mætti alveg eins spyrja af hverju þeir eru ekki fleiri. Sagði aðra þætti s.s. tamningu, þjálfun og nýtingu/styrk annarra byggingarþátta geta spilað inn í nýtingu hálsins í reið. Kristinn sagðist ætla að leggja málið fyrir næsta fagráðsfund, en þessi túlkun á því að halda hálseinkunn opinni hefur ekki verið samþykkt í fagráði að hans sögn og ætti því ekki að gilda.

Önnur mál

Kristinn bað formenn um að vinna í því að kynna félagið og starfsemi þess og stefna að því að fjölga félögum. Fjöldinn allur af fólki sem stundar hrossarækt veit ekki af félaginu eða að það eigi möguleika á að ganga í það.

Baldvin sagði mikilvægt að leggja áherslu á mýkt í hrossaræktinni, fótaborðurinn væri ekki það eina sem skipti máli.

Afurðamál. Fram kom að vel gengur að fá slátrun á fullorðin hross og er verðið frá kr. 61-87 kr á kg. Erfiðara hefur verið að fá slátrun á folöldum, en mikilvægt er að halda afsetningarmöguleikum opnum og mun FHB vinna áfram að þeim málum.

Að lokum þakkaði Kristinn fundargestum góðan fund og bað formenn að hugsa áfram um framtíðarsýn og verkefni FHB og vera virkir í því að koma hugmyndum sínum til stjórnar og starfsmanns FHB.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20.

HGG/hgg

